



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
fimmtudaginn 16. október 2014 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir, Karl Kristjánsson var í síma. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi var nefndinni til ráðgjafar í síma.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Egill varaformaður setti fundinn og bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

- 1. 1410001 – Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 8. september 2014.**

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

- 2. 1402022 – Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, þéttbýlið á Reykhólum, efnistaka og frístundabyggð í landi Kirkjubóls.**

Umsögn Skógræktar ríkisins dagsett 16. október 2014.

Umsögn hefur borist frá Skógrækt ríkisins vegna breytingar á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 og deiliskipulags fyrir frístundasvæði í landi Kirkjubóls á Bæjarnesi sem auglýst var frá 24. júlí til 5. sept. 2014.

Skógrækt ríkisins fer fram á að gerðar verði mótvægisaðgerðir í formi gróðursetningar í stað þess skógar sem eyðist eða tilfærslu á byggingum innan byggingarreits hverrar lóðar.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn Reykhólahrepps verði við og samþykki athugasemdir Skógræktarinnar vegna skógaruðnings/ skógareyðingar sem orsakast af skipulagsbreytingum sem eigandur lands þurfa að uppfylla skv. samningi við Skógrækt ríkisins. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

- 3. 1410002 – Fjárlög hafnaframkvæmda 2015.**

Erindi frá stjórn Hafnasambands Íslands dagsett 6. október 2014, ásamt afriti af bréfi sambandsins til stjórnvalda dagsett 3. október 2014.

Lagt fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

4. 1410017 – Fjögurra ára samgönguáætlun, umsókn um ríkisframlög.

Erindi frá Vegagerðinni dagsett 9. október 2014.

Lagt fram. Nefndin vísar erindinu til hafnarstjóra til frekari vinnslu. Samþykkt að flýta fundi í nóvember um eina viku og halda hann 3. nóvember, en skila þarf inn umsókn fyrir 7. nóvember. Samþykkt samhljóða.

5. 1410018 – Almennir skilmálar um lóðaúthlutun og lóðagjöld í Flatey.

Drög að skilmálum til kynningar og frekari vinnu.

Lagt fram til kynningar, málið verður tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar, samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.15.

_____	_____
_____	_____
_____	_____